

**TENGIBRAUTIN SKARHÓLABRAUT,  
VESTURLANDSVEGUR-HAFRAVATNSVEGUR, Í  
MOSFELLBÆ**

**Ákvörðun um matsskyldu**

**NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tengibrautarinnar Skarhólabraut, milli Vesturlandsvegur og Hafravatnsvegur í Mosfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Mosfellsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

## INNGANGUR

Þann 4. apríl 2007 tilkynnti Mosfellsbær lagningu tengibrautarinnar Skarhólabraut, frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Mosfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Mosfellsbæ með bréfi dags. 4. maí 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. apríl 2007, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 30. apríl 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. apríl 2007. Frekari upplýsingar bárust frá VSÓ Ráðgjöf, f.h. Mosfellsbæjar, með bréfi dags. 10. maí 2007.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað er að leggja tengibrautina Skarhólabraut frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi. Tengibrautin muni að mestu leyti liggja samhliða núverandi vegslóða sem upphaflega var lagður meðfram hitaveitustokk. Lengd tengibrautarinnar verði um 2500 m, ein akrein í hvora átt og hönnunarhraði 60 km/klst. Fram kemur að framkvæmdinni er skipt í tvo áfanga sem munu fylgja uppbyggingu íbúðarverfis og iðnaðarsvæða í nágrenninu. Ennfremur kemur fram að síðari áfanginn er háður endurbyggingu og færslu stofnbrautarinnar Hafravatnsvegur sem er á forræði Vegagerðarinnar. Tímasetning verkloka liggur ekki fyrir. Fram kemur að heildarefnisþörf verði um 87.000 m<sup>3</sup> og að efni verði sótt í námur á höfuðborgarsvæðinu, eða í nágrenni þess, sem eru í rekstri og með gildandi starfsleyfi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að mæta aukinni umferð vegna uppbyggingar nýrra hverfa, tengja saman austur- og vesturhluta Mosfellsbæjar og stýra umferð að og frá iðnaðarhverfum frá íbúðarhverfum.

**Áhrif á núverandi landnotkun og hljóðvist.** Fram kemur að vesturhluti tengibrautarinnar liggja undir hlíðum Úlfarsfells, meðfram iðnaðarhverfi í Flugumýri, en austurhluti hennar um opin óbyggð svæði. Á milli stöðva 1400 og 2000 fari tengibrautin yfir land Teigs og atvinnuhúsnaði sem þar er, en samkvæmt aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir áframhaldandi starfsemi þar og gert ráð fyrir að húsið verði farið þegar að framkvæmd síðasta áfanga tengibrautarinnar kemur. Fram kemur að áhrif af völdum hávaða muni helst gæta næst Vesturlandsvegi vegna sammögnunaráhrifa með hávaða frá umferð um Vesturlandsveg. Útreikningar bendi til þess að 5 íbúðarhús í Hlíðartúni séu við 55 dB(A) viðmiðunarmörk reglugerðar nr. 933/1999, um hávaða, þrátt fyrir hljóðvörn við Vesturlandsveg. Hljóðstig við eitt iðnaðarhúsnaði við Flugumýri fer einnig upp í 55 dB(A). Í annari byggð meðfram Skarhólabraut og í væntanlegri íbúðarbyggð við Lágafell verði hljóðstig neðan við 55 dB(A) mörkin.

**Áhrif á landslag, gróður og fugla.** Fram kemur að tengibrautin verði felld að landslagi. Gert er ráð fyrir að um 65.000 m<sup>3</sup> af efni komi úr vegstæðinu og að það verði notað við framkvæmdina og í landmótun meðfram veginum. Umframjarðvegur verði nýttur til uppgræðslu og af fyrirtækinu Moldarvinnslunni. Fram kemur að hluti leiðarinnar liggja um skógræktarsvæði sem er í umsjá Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og Skarhólamýri hafi verið ræst fram næst framkvæmdasvæðinu. Fram kemur að mófuglar verpi á framkvæmdasvæðinu.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni ekki valda verulegum umhverfisáhrifum þar sem hún verði meðfram vegslóð sem fyrir er og í samræmi við aðalskipulag.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Mosfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

**Áhrif á gróður og fugla.** Í umsögn Mosfellsbæjar er þess sérstaklega getið að samráð hafi verið haft við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og garðyrkjustjóra Mosfellsbæjar, um framkvæmdina. Ekki sé ljóst hvort einhver tré eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en samkomulag sé um að ef svo er verði þau flutt vorið 2008. Umhverfisstofnun bendir á að veglínan muni liggja samhliða vegslóða sem lagður var vegna framkvæmda við hitaveitulögn í og við skógræktarsvæði og framræstar mýrar. Framkvæmdaraðili hafi metið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fugla og talið sé að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg áhrif umfram það sem nú er.

**Áhrif á hljóðvist.** Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að neikvæðra áhrifa af völdum hávaða muni gæta í fjallinu ofan tengibrautarinnar sem nýtt sé til útivistar.

Gera þurfi ráðstafandir við hús þar sem hljóðvist er um eða yfir viðmiðunarmörkum í reglugerð um hávaða. Bent er á að í samráðsferli hafi Heilbrigðiseftirlitið óskað eftir að sammögnuð áhrif frá Vesturlandsvegi yrðu metin og jafnframt miðað við að hlutfall bíla æki á nagladekkjum.

Í svörum Mosfellsbæjar kemur fram að samkvæmt útreikningi á hljóðstigi frá umferð, þá sé hljóðstig í hlíðinni næst Vesturlandsvegi yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða frá umferð um Vesturlandsveg og umferð um Skarhólabraut breyti því ekki. Ennfremur verði hljóðstig við ákveðin hús um eða yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar vegna hávaða frá Vesturlandsvegi óháð umferð um Skarhólabraut. Mosfellsbær muni fara yfir mögulegar ráðstafanir við viðkomandi íbúðarhús í samráði við íbúa. Bent er á að kort 4 í tilkynningu sýni sammögnunaráhrif vegna umferðar um Vesturlandsveg þar sem gert er ráð fyrir Sundabraut og umferð er um 1/3 minni á Vesturlandsvegi en á korti 6 þar sem ekki er gert ráð fyrir Sundabraut.

Umhverfisstofnun bendir á að hávaði frá áætlaðri umferð sé undir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 933/1999.

**Efnispörf námur og efnislosun.** Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis bendir á að nauðsynlegt sé að fram komi hvar nota eigi jarðefni úr vegstæðinu til uppgræðslu, að hún sé með samþykki landeigenda og í samræmi við skipulag Mosfellsbæjar ef hún verði innan marka sveitarfélagsins.

Í svörum Mosfellsbæjar kemur fram að gert sé ráð fyrir að uppgræðsla eigi sér stað meðfram fyrirhugaðri Skarhólabraut í samræmi við gildandi skipulag og í samráði við landeigendur.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að leggja 2,5 km langa tengibraut, Skarhólabraut, frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi. Tengibrautin mun að mestu leyti liggja samhliða núverandi vegslóða sem upphaflega var lagður meðfram hitaveitustokk. Lögð verður ein akrein í hvora átt og hönnunarhraði verður 60 km/klst. Framkvæmdinni er skipt í tvo áfanga sem munu fylgja uppbyggingu íbúðarhverfis og iðnaðarsvæða í nágrenninu. Seinni áfanginn er einnig háður endurbyggingu og færslu stofnbrautarinnar Hafravatnsvegar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist séu ekki veruleg. Samkvæmt hljóðútreikningum, miðað við áætlaða umferð árið 2024, verður hljóðstig við nokkur íbúðarhús við Hlíðartún við viðmiðunarmörk (55 dB(A)) sem helgast fyrst og fremst af umferð um Vesturlandsveg. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði yfir mögulegar ráðstafanir til að draga úr hávaða við viðkomandi íbúðarhús í samráði við íbúa eins og kemur fram í svörum Mosfellsbæjar. Áhrif á hljóðvist á opnu svæði í hlíðum Úlfarsfells verða einhver, en fara ekki yfir mörk vegna umferðar um Skarhólabraut, heldur verða mest næst Vesturlandsvegi þar sem hlíðar fellsins eru mjög brattar, klettabelti og útivist því að öllum líkindum mjög takmörkuð.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag, gróður og fuglalíf verði óveruleg umfram það sem nú er. Framkvæmdin er meðfram vegslóð sem fyrir er og engar vísbendingar um að á svæðinu sé sérstakt gróðurfar eða fuglalíf.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Mosfellsbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Mosfellsbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tengibrautarinnar Skarhólabraut, frá hringtorgi á Vesturlandsvegi að Hafravatnsvegi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Mosfellsbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. júní 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F. Þóroddsson